

Lokaskýrsla rafgagnahóps

– 05.06.2014 fyrir hönd rafgagnahóps: Sigrún Hauksdóttir og Telma Rós Sigfúsdóttir

Inngangur

Breytt umhverfi og flækjustig á öllum vígstöðvum í meðhöndlun rafræns efnis leiddi til stofnunar rafgagnahóps í maí 2013. Ákvarðanir um meðhöndlun lýsigagna rafræns efnis voru á hendi margra hagsmunaaðila eins og skráningarráðs, gæðahóps Gegnis, SFX verkefnahóps o.s.frv.

Fulltrúar í rafgagnahópi eru:

- Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun
- Birgir Björnsson, Landsbókasafni
- Hildur Gunnlaugsdóttir, Landsbókasafni
- Kristína Benedikz, Menntavísindasviði HÍ
- Margrét Ásgeirsdóttir, Norræna húsinu
- Sigrún Hauksdóttir, Landskerfi bókasafna
- Telma Rós Sigfúsdóttir, Landskerfi bókasafna
- Þóra Gylfadóttir, Háskólanum í Reykjavík

Sigrún Hauksdóttir leiddi hópinn, Telma Rós Sigfúsdóttir hafði umsjón með framkvæmd og úrvinnslu tillagna. Gísli Karlsson vefforritari og -hönnuður hjá Premis hafði á höndum útlitsbreytingar og forritun á vef.

Með tilkomu leitir.is komu fram nýir möguleikar til að gera rafrænt efni leitarbært og aðgengilegt. Verkefni hópsins voru að vega og meta ólík sjónarmið og hagsmuni við meðhöndlun rafræns efnis og setja fram tillögur um meðhöndlun lýsigagna með tilliti til neðangreindra atriða:

- Handvirk skráning í Gegni
- Vélræn skráning í Gegni með gagnahleðslum
- Vélræn gagnahleðsla lýsigagna í leitir.is
- Virkjun efnis í gegnum Primo Central þjónustuna og SFX krækjuckerfi

Sjá nánari verkefnalýsingu rafgagnahóps:

http://landskerfi.is/skiol/rafgagnahopur/Rafgagnahopur_verkefnislysing.pdf

Alls voru haldnir 14 fundir, sjá fundargerðir: <http://www.landskerfi.is/faghopar.php>.

Úrvinnsla

Á fyrstu fundum hópsins var megináhersla lögð á að kynna kosti og galla mismunandi aðferða við meðhöndlun lýsigagna. Fljótt varð ljóst að stærsti vandinn lá í tveim leitarflipum á leitir.is. Annars vegar „Bækur, tímarit og fleira“ og hins vegar „Fræðigreinar“. Heiti flipanna voru ekki nægilega lýsandi og það var ómögulegt að miðla með skýrum hætti til endanotenda hvaða efni lá að baki flipanna.

Meginverkefni hópsins hafa því snúið að breytingum á uppsetningu, virkni og útliti leitir.is til að auðvelda aðgengi notenda að efninu. Stærsta ákvörðun hópsins var að bjóða einungis upp á einn leitarplugga. Þessi breyting auðveldar aðgengi notenda að efninu ásamt því að meðhöndlun lýsigagna verður gegnsærri og augljósari.

Sjá nánar í kynningu á verkefnum rafgagnahóps frá notendaráðstefnu Aleflis þann 9. maí 2014:

http://www.landskerfi.is/skjol/rafgagnahopur/leitir_kynning_alefli_09052014.pdf

Breytingar á leitir.is

Rafgagnahópur kom með hugmyndir um breytingar sem síðan voru útfærðar, endurskoðaðar og prófaðar í prófunarumhverfi leitir.is. Þegar allir voru orðnir sáttir við útkomuna voru breytingar færðar yfir í raunumhverfi leitir.is.

Helstu breytingar eru:

Leit

- Ekki þarf lengur að velja leitarflipa því nú er leitað í öllu efni í sama leitarplugganum (íslensku gagnasöfnunum og efni úr Primo Central Index)
- Efni úr EBSCOhost hefur verið tekið út úr leitinni og sérstakur hnappur er fyrir neðan flokkana vinstra megin til að færa leitina yfir í EBSCOhost
- Upplýsingar um „Í hverju er leitað?“

Flokkar og leitarniðurstöður

- Útlitsbreytingar og endurröðun flokkanna vinstra megin við leitarniðurstöður
 - 3 flokkar eru opnir:
 - Efnistegund
 - Íslensk gagnasöfn
 - Erlend gagnasöfn
 - Aðrir flokkar eru lokaðir
 - 3 atriði birtast undir hverjum flokki
- Valdir flokkar birtast í láréttri röð fyrir ofan leitarniðurstöður
- Skarpari línur milli leitarniðurstaðna
- Minna bil milli stuttu færslunnar og flipanna
- Ýmsum hugtökum breytt



Forsíða

- Ný forsíðumynd
 - Tenglar í leitarniðurstöður fyrir hverja efnistegund

Hnappar

- Útlitsbreytingar á hnöppum
- Hnappar færðir til

Flipar

- Endurröðun flipa í niðurstöðulista
- Valdir flipar eru faldir í niðurstöðulista
 - Birtast þegar full færsla er opnuð

Meðhöndlun lýsigagna

Þegar rýnt var í lýsigögnin í einum leitarglugga kom í ljós að í flestum tilfellum er nokkuð skýrt hvort gögnin eigi heima í Gegni eða virkjuð í Primo Central Index (var áður fræðigreinaflipinn). Að mörgu er að hyggja varðandi lýsigögn eins og aðgengi og gæði gagna. Sjá „Verkferill um meðhöndlun lýsigagna“

<http://www.landskerfi.is/skiol/rafgagnahopur/verkferill.pdf>

Vinnuhópur um rafgögn

Rafgagnahópur hefur lokið störfum en stofnaður verður vinnuhópur um meðhöndlun rafræns efnis sem ber ábyrgð á meðhöndlun lýsigagna og aðgengi að rafræna efninu í leitir.is. Lagt var til að þátttakendur í vinnuhópnum væru þeir sem bera ábyrgð á rafrænum áskriftum og innkaupum, bókfræðisérfræðingar og starfsfólk frá Landskerfi bókasafna. Fulltrúar í rafgagnahópi uppfylla fyrrgreind skilyrði og hafa þeir samþykkt að starfa í nýjum vinnuhópi um rafgögn.

Vinnuhópurinn mun hafa fasta fundi tvisvar á ári og vera þess á milli í samskiptum eftir þörfum.

Lokaorð

Vinnan veturinn 2013-2014 í rafgagnahópi var einstaklega ánægjuleg og gjöful. Aðgengi og meðhöndlun á rafrænu efni í leitir.is eru í mun betra horfi en áður, öllum til hagsbóta.